Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 26. október 2026
23032023/300.00 SÞ

Efni: Samræmd móttaka flóttafólks

Kópavogsbær undirritaði samning við þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, um samræmda móttöku flóttafólks þann 22. júní 2023. Samkvæmt samningum tekur Kópavogsbær á móti 101 flóttamanni.

Samræmd móttaka flóttafólks er fyrir einstaklinga sem hafa fengið alþjóðlega vernd á Íslandi eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og þurfa stuðning. Markmiðið er að trygjga flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan einstaklingar koma eða í hvaða sveitarfélag viðkomandi sest að í. Lögð er áhersla á að veita einstaklingum tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og flóttafólki er tryggð ýmis sértæk þjónustu.

Móttökusveitarfélag sem gerir samning um samræmda móttöku flóttafólks sér um að liðsinna einstaklinglum við húsnæðisleit og tryggir félagslega ráðgjöf. Gerðar eru einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir og samstarf er við Vinnumálastofnun um atvinnumiðlun, íslenskunám og samfélagsfræðslu.

Núgildandi samningar sveitarfélaga við félags- og húsnæðismálaráðuneytið, gilda til ársloka 2026. Ráðuneytið hefur farið þess á leit við sveitarfélögin að samningar verði framlengdir til ársloka 2027. Á þeim tíma verði unnið að mótun framtíðarfyrirkomulags þjónustunnar sem m.a. byggir á breyttu lagaumhverfi þar sem markmiðið er að einfalda stjórnsýslu í kringum þjónustu sem flóttafólki stendur til boða frá sveitarfélögunum.

Virðingarfyllst,

_____

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Þórarinsdóttir

Tími: 26.10.2026 10:45
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign